

Fylgiskjal við þingskjal 149.

Nd.

168. Ýms erindi,

sem fjáráukalaganefndin gat ekki tekið til greina.

1. Umsókn um launahækkun frá Lárusi Rist kennara við gagnfræðaskólann á Akureyri (Nd. 8).
2. Umsókn Jónathans Jónssonar vitavarðar í Vestmannaeyjum um launahækkun (Ed. 8).

3. Brjef frá sýslunefndaroddvita Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem skorað er á þingm. kjördæmisins að sjá um, að Arnarnesvitinn verði gerður að blossomita (Nd. 32).
4. Erindi frá Sigfúsi Einarssyni organista um 800 kr. utanfararstyrk, til þess að kynna sjer söng og organslátt í útlöndum (Nd. 33).
5. Erindi frá Vigfúsi Sigurðssyni Grænlandsfara um 2000 kr. styrk úr landssjóði til bifreiðarferða um Fagradalsbrautina (Nd. 46).
6. Erindi frá Páli sundkennara Erlingssyni um 1400 kr. styrk af landsfje til upphalds sundkenslu alt árið, með meðmælaáritun borgarstjóra Reykjavíkur (Nd. 65).
7. Brjef frá Bjarna Jónssyni, þm. Dalamanna, þar sem farið er fram á alt að 7000 kr. lán úr viðlagasjóði, til þess að reisa læknissetur í Búðardal við Hvammsfjörð (Nd. 93).
8. Erindi til fjárukalaganefndar frá Skúla Thoroddsen alþm., þar sem hann vekur athygli nefndarinnar á eftirfarandi málaleitunum:
 - a. að veitt verði fje til þess að breyta Arnarnesvitanum í blossomita;
 - b. að Þorvaldi lækni Jónssyni verði veitt svo rifleg eftirlaun sem unt sje (Nd. 94).
9. Erindi frá þingmönnum Gullbringu- og Kjósarsýslu um eftirlit með fiskiveiðum í landhelgi (Nd. 95).
10. Brjef frá fiskifjelagsdeildinni »Neptunus« í Norðfirði, þar sem farið er fram á, að veitt verði fje til vitabyggingar á Norðfjarðarhorni (Nd. 96).
11. Brjef frá Guðm. Hannessyni alþm., ásamt erindi frá íbúum Vindhælishrepps, um lagningu sima frá Blönduósi til Kálfshamarsvíkur; 1. flgskj. (Nd. 97)
12. Brjef stjórnarráðsins, ásamt erindi frá Magnúsi skipasmið

Guðmundssyni, þar sem hann fer fram á að fá úr lands-
sjóði 1500 kr. styrk, til þess að kynnast erlendis byggingu
þilskipa og mótorbáta; 6 flgskj. (Nd. 98).

13. Brjef sama, ásamt erindi frá þm. Snæfellinga þar sem farið
er fram á fjárveitingu, til þess að mæla upp skipaleið
inn á Skógarneshöfn í Hnappadalssýslu (Nd. 99).
14. Brjef sama, ásamt erindi frá Bjarna Jenssyni fyrirv. hjeraðs-
lækni, þar sem hann fer fram á, að eftirlaun hans verði
hækkuð úr 925 kr. upp í 1000 kr. (Nd. 100).